

Viðburðir á árinu 2019

Orlofsvikur Bergmáls sumarið 2019 verða haldnar dagana 30. maí til 6. júní, 13. til 20. júní, 27. júní til 4. júlí og 11. til 18. júlí. Vinir, látið okkur vita um fólk sem þarf á þessari hvíld að halda. Einnig er alltaf þörf á sjálfbodaliðum í orlofsvikur.

Sumarferðin

Sumarferðin verður farin 20. júlí. Við munum kynnst nánar perlum Borgarfjarðar. Munið að það þarf að skrá sig! Upplýsingar á heimasíðu Bergmáls www.bergmal.is og hjá Kolbrúnu Karlsdóttur í síma 587 5566 / 845 3313. Skipuleggjari og fararstjóri verður hinn „fjólakunni“ Steingrímur Gunnarsson.

Heimasíða

Heimasíða Bergmáls er á slóðinni: www.bergmal.is Þar er að finna upplýsingar um félagið, myndir frá starfsemi, auglýsingar um það sem er næst á döfni, söguna á bak við Bergmál og margt fleira skemmtilegt.

Minningarkort

Munið minningarkort félagsins. Þau fást hjá Kolbrúnu Karlsdóttur í síma 587 5566 / 845 3313 og Helgu Guðmundsdóttur í síma 895 0395 / 554 2670.



Össur og Ásdís Bryndís nuddari Unnur og Mummi



Helga og Reynir Á sjó

Jólasalan

Jólasalan okkar 2018 var eins og í fyrra, á markaðsdögum í sambýlum eldri borgara. Við buðum margvíslegan varning, m.a. heimagerðar sultur, marmelaði, kökur, jólakort og gjafakörfur, sem alltaf eru jafn vinsælar. Salan gekk mjög vel og hlökkum við til í haust að hitta okkar góðu viðskiptavini á ný.

Aðventuhátíð

Aðventuhátíð Bergmáls verður haldin í Háteigskirkju sunnudaginn 8. desember kl. 15:00. Allir velunnarar hjartanlega velkomnir. Jólaveitingar í boði Bergmáls, eftir samveru í kirkju. Nánar á heimasíðunni, www.bergmal.is þegar nær dregur.

Þakkir

Kæru vinir, – á þessu ári er félagið okkar 25 ára – ótrúlegt en satt! Við trúum að Bergmál eigi sér framtíð. Við erum ekki ein á ferð. Handan við skugga næturinnar og ljós dagsins er land kærleikans. Þar viljum við vera og reyna ganga til góðs, – götuna fram eftir veg. Vinir, hafið hjartans þökk fyrir allan ykkar velvilja og störf fyrir félagið. Guð blessi ykkur öll



Ingimar Pálsson heiðraður

Stjórn Bergheima

Bergmál

líknar og vinafélag

Fréttabréf 2019

Útgefandi: Bergmál, líknar og vinafélag, sími 587 5566. Kt: 490294-2019.
Netfang: bergmal@simnet.is · Heimasíða: www.bergmal.is
Umsjón fréttabréfs: Kolbrún Karlsdóttir.
Prentvinnsla: Prentmet - umhverfsvottuð prentsmiðja



Frá sumarfero

Stjórn og nefndir

Formaður: Kolbrún Karlsdóttir, sími 587 5566 / 845 3313
Aðrir í stjórn: Hafþór Haraldsson 581 2835 / 896 2835, Helga Guðmundsdóttir 554 2670 / 895 0395, Margrét Alexandersdóttir 553 0060 / 867 0654, Sólveig Halldórsdóttir 568 5116 / 895 2016, Unnur Sveinsdóttir 861 4947 / 554 1755, Helga Eyjólfssdóttir 557 2158 / 865 3206
Ferðanefnd: Steingrímur Gunnarsson og Kolbrún Karlsdóttir
Stjórn Bergheima: Kolbrún Karlsdóttir, form. 587 5566 / 845 3313, Össur Stefánsson 565 6922 / 822 1152, Helga Guðmundsdóttir 554 2670 / 895 0395, Úlfhildur Grímsdóttir 690 2604, Ólafur Loftsson 567 2680

Tilgangur félagsins

Tilgangur félagsins er að hlynna að krabbameinssjúkum, blindum, öldruðum og öðrum þeim er búa við langvarandi sjúkdóma. Frá árinu 1994 hefur félagið staðið fyrir orlofsvikum fyrir skjólstaðinga sína yfir sumarið þeim að kostnaðarlausu, auk samverustunda yfir veturinn. 3427 gestir hafa verið hjá okkur á þessum árum.

Frá starfinu

Aðalfundur Bergmáls var haldinn 20. janúar, í Hamrahlíð 17. Ný stjórn var kosin því varaformaður okkar, Helga Haraldsdóttir, er í veikindaleyfi og Margrét Hjartardóttir gaf ekki kost á sér. Voru þeim þökkúð fráþær störf. Í nýja stjórn koma inn Margrét Alexandersdóttir, ritari og Unnur Sveinsdóttir.

Árshátíð var haldin 16. febrúar í safnaðarsal Háteigskirkju. Garðar Cortes var fráþær veislustjóri, Oddur Arnþór Jónsson og Guðmundur Karl Eiríksson, stórkostlegir óperusöngvarar sungu fyrir okkur. Þær Fanný Lís Hevesi og Arndís Halla, óperusöngkona glöddu okkur líka með söng sínum og gjörsamlega áttu salinn! Listakonan Antonia Hevesi var undirleikari ásamt okkar einstaka tónlistarmanni Ingimar Pálssyni. Valur kokkur á um fráþæran mat og Dói og félagar léku fyrir dansi. Sjálfboðaliðar sáu um framreiðslu og Stína og Kalli voru styrkar stoðir í eldhúsinu.

Í tilefni að 25 ára afmæli Bergmáls voru nokkrir félagar heiðraðir. Kolbrún formaður og Helga Guðmunds gjaldkeri hafa sinnt sínum störfum fyrir félagið frá upphafi. Einnig voru Hafþór Haraldsson, Örn Jónsson, Guðbjörg Guðjónsdóttir, Jón Karlsson, Jón Holbergsson og Reynir Guðsteinnsson heiðruð, ásamt þeim Ingimar Pálssyni og Guðbjörgu Sigurjónsdóttur sem hafa verið undirleikarar á kvöldvökum félagsins í áraraddir og alltaf gefið vinnu sína. Öllum þessum, ásamt þeim sem aðstoðuð við að gera árshátíðina svo gleðilega og eftirminnilega, þökkum við af alhug.

Frá starfinu 2018

Allar orlofsvikurnar tókust sérlega vel og voru fullskipaðar. Ánægjulegt er að segja frá samstarfi Ljössins og Bergmáls. Gestir Ljössins dvöldu hjá okkur í fyrsta sinn nú í sumar og áttum við ógleymanlegar samverustundir með þeim sem nú verður framhald á 2019. Sumarferðin var farið 14. júlí til Stykkishólms og eyjasigling þaðan í framhaldi. Fyrst var áð við Brúarfoss og stærsta stuðlabergsmyndun á Íslandi, Gerðuberg



Stjórn Bergmáls

skoðuð. Í Stykkishólmi var okkur tekið af mikilli gestrisni og m.a. boðin aðgangur að öllum söfnum þar án endurgjalds. Séra Gunnar E. Hauksson tók á móti okkur í Stykkishólmskirkju og bauð hópinn velkominn. Safnaðarheimilið fengum við lánað og snæddum þar hádegisverð og að siglingu lokinni, var þar drukkið kaffi og nesti gerð góð skil. Steingrímur Gunnarsson, sem er fararstjóri að atvinnu, bæði innanlands og utan, sá alfarið um ferðina og erum við honum afar þakklát fyrir fráþæran og eftirminnilegan dag.

Aðventuhátíðin var 9. desember, sem Össur okkar Stefánsson sá um að venju. Komu fram tveir nemendur frá Söngskóla Sigurðar Demetz og velgjörðarkona okkar Guðbjörg Sigurjónsdóttir sá um undirleik. Ungar stúlkur, þær Andrea Örvarsdóttir og Ásdís Rán Kolbeinsdóttir sungu við eigin undirleik og hrifu alla. Einnig söng Guðbjörg R. Tryggvadóttir, sú stórkostlega söngkona. Guðmundur Þórhallson var kynnrir og séra Sveinn prestur Sólheima var ræðumaður. Jón okkar Hjörleifur flutti svo lokabæn eins og hann hefur gert síðustu 24 ár. Fjölmenni var og rúmlega 100 manns þáðu veitingar í safnaðarsal eftir athöfn í kirkju.



Ferðalangar - Sumarferð




Við sem vinnum eldhússtörfin

Garðar Cortes veislustjóri



Antonía, Kolla, Oddur Arnþór og Garðar

Antonía, Fanný Lís og Arndís Halla



Guðbjörg og Steingrímur

Jón Hjörleifur og Guðmundur Karl



Íris, Helga Ey., Sigga og Helga H.

Garðar og Gugga



Húla og Ljósberar

Sveinn og Margrét



Óli Loftis og Kolbrún

Hilmar Örn og Björg

Alfheidur og Óli